

## Heimildarmynd um 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar

Með bréfi þessu sæki ég um styrk til bæjarráðs Hafnarfjarðar til að gera heimildarmynd um 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar.

Á 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar fékk fjölmiðladeild Flensborgarskóla styrk frá Hafnarfjarðarbæ til að kvikmynda hátíðahöldin og stýrði undirritaður því verki.

Það tókst með ágætum en lítið hefur verið unnið úr þessu efni utan að ég klippti stiklur um hátíðafund bæjarstjórnar í Gúttó, og hluti afmælisdagskrár í Hafnarborg var klipptur saman og hvoru tveggja sett á Vefveituna á hafnarfjordur.is.

Að öðru leyti er allt þetta efni varðveitt, en óklippt og því engum til gagns né gleði. Ég hef nokkrum sinnum sótt um styrk til Menningarmálanefndar til að gera þessu efni eitthvað til góða og gera heimildarmynd

um afmælið. Það hefur ekki gengið eftir enn, við síðustu úthlutun þar fékk ég 300 þús kr. styrk til að ljúka heimildarmynd um Bjarta daga sem sýnd var á hátíðinni í vor.

Nú sæki ég um tveggja milljóna króna styrk til bæjarráðs til að gera vandaða heimildarmynd um 100 ára afmælið sem yrði tilbúin haustið 2014 til sýningar í Bæjarbíó - sem bæjarráð eða bæjarstjórn eftir atvikum myndi bjóða til - auk þess sem Hafnarfjarðarbær gæti gert eintök á DVD og/eða BlueRay diska til sölu eða gjafar til Hafnfirðinga.

Þessi styrkur myndi nýtast í laun vegna klippingar á öllu efninu (ekki bara í myndina, heldur einnig sjálfstæðar stiklur) samningu og upptöku tónlistar, og samsetningu myndarinnar, frágang á efni til sýningar á vefsíðunum hafnarfjordur.is, gaflari.is og netsamfelag.is.

Efniviður myndarinnar er að sjálfsgöðu allt þetta efni sem tekið var upp á afmælishátíðinni, en ég geri ráð fyrir stuttum

innskotum úr viðtölum við ca. 16-17 manns sem eru fulltrúar stjórnsýslunnar og svo Hafnfirðingar á ýmsum aldri.

Ég hef reiknað með því að nota tímann í vetur til að flokka, afrita og litleiðrétta allt efnið. Um 6-7 vikur næsta sumar til að klippa myndina, og sýna það bæjarfulltrúum, afmælisnefndinni, Menningarmálanefnd og fleirum í ágúst áður en frumsýning yrði ákveðin.

Ekki er gerð nákvæm kostnaðaráætlun vegna þessa en reiknað er með að laun og leiga búnaðar sé að lágmarki um 2.500.000.-. (gert er ráð fyrir hækkun launaliðar um eina milljón frá fyrri umsókn þar sem um vandaðri mynd er að ræða) Helsti kostnaður við gerð þessarar myndar eru laun við handritsgerð, kvikmyndatöku viðtala og klippingu á því efni sem til. Gert er ráð fyrir eigin fjármögnun vegna verkefnisins nemi allt að 500.000.- sem er að mestu leiga á eigin búnaði og einhver vinna. Því er sótt um styrk allt að tveimur milljónum króna vegna verkefnisins.

virðingarfyllst,

Halldór Árni Sveinsson,  
Kaldakinn 3, 220 Hf  
dorisv@flensburg.is